

**506. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 8. desember 2016
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) aðalmaður, Jón Örn Pálsson (JÓP) aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) varamaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmaeti funarboðunar. Engar athugasemdir voru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Dagskrá:

1. Byggðakvóti 2016/17.: Úthlutun byggðakvóta. - 1612018

Bjarnveig Guðbrandsdóttir vísar af fundi.

Lögð er fram tillaga að úthlutunarreglum

1.gr. verður sem hér segir að:

a-liður 1 gr. breytist þannig:

Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4 gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfa skv. 2.tl. 4 mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

c- liður breytist þannig;

Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2016. Miðað skal við lögheimili einstaklinga skv., þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

4. gr. breytist og verður sem hér segir:

Skipting þess aflamarks sem kemur til sveitarfélagsins, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðruleyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2-3 gr., eftir því sem við á, á þann veg að:

10%

Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi.

45%

Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa sínum afla fiskveiðiaríð 2015-2016 í Tálknafirði og hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.

45%

Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, af byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps skal skipt í hlutfall við landaðan afla á fiskveiðiaríni 2015 -2016.

*6. gr. breytist og verður sem hér segir:
Að ákvæði 1. máls. 1.mgr. 6.gr. reglugerðarinnar breytist og verður sem hér segir:
Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðalagsins, þeim afla sem telja á til
byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.*

Samþykkt með þrem atkv. ÁJ situr hjá.

2. Lánasjóður sveitarfélaga: Lánasamningur nr 1611_50 - 1612015

*Bjarnveig Guðbrandsdóttir tekur aftur sæti á fundinum.
Afgreiðslu frestað.*

**3. Leyfi frá nefndarsetu:Ósk um tímabundið leyfi frá setu í Fræðslu,-menningar,-
íþrótt og æskulýðsnefnd - 1612026**

*Eva Dögg Jóhannesdóttir óskar eftir tímabundnu leyfi frá setu í Fræðslu,-menningar,-
íþrótt og æskulýðsnefnd
Samþykkt samhljóða.*

**4. Fræðslu,-menningar,- íþrótt og æskulýðsnefnd: Kosning varamanns. -
1612027**

*Sveitarstjórn samþykkir að Ingibjörg Nóadóttir verði varamaður í Fræðslu,-
menningar,- íþrótt og æskulýðsnefnd.*

Samþykkt samhljóða

5. Miðtún 1 : Kauptilboð - 1612017

Til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:38.

Indriði Indriðason (II)

Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ)

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Ása Jónsdóttir (ÁJ)

506. fundur
8. desember 2016